



Spáum að verðbólga fari í 3,6% í desember

Hagstofan birtir desembermælingu vísitölu neysluverðs (VNV) fimmtudaginn 20. desember. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,6% hækkun vísitölnnar milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkar ársverðbólgan úr 3,3% í 3,6%.

Vísitalan hækkaði um 0,24% í nóvember. Það var rétt undir væntingum, en opinberar spár lágu á bilinu +0,3% til +0,4%. Við spáðum +0,3%.

Helstu áhrifaþættir til lækkunar:

- Samkvæmt verðmælingu okkar hefur smásöluverð á **bensíni og díselolíu** lækkað um 2,9% milli mánaða.


Helstu áhrifaþættir til hækkunar:

- Flugfargjöld til útlanda** hækka alla jafna milli mánaða í desember. Við búumst við minni hækkun milli mánaða en í fyrra, meðal annars vegna lækkunar á heimsmarkaðsverði á olíu.
- Inni í liðnum **aðrar vörur og þjónusta** eru meðal annars snyrting, hreinlætisvörur og snyrtivörur sem hækka yfirleitt í desember. Áhrif af gengisbreytingum og töfðum áhrifum af breytingu í almennu verðlagi ásamt áhrifum af launahækkunum koma frekar seint fram í þessum lið.
- Matur og drykkjarvara** hækkar vegna gengisbreytinga.
- Kaup ökutækja** hækkar áfram í takt við veikingu krónunnar.
- Föt og skór** hækkar vegna tafinna áhrifa af almennri hækkun verðlags.

Spá okkar nú er 0,1 prósentustigi lægri en spá okkar frá því í nóvember. Breytingin skýrist að langmestu leyti af lækkun á bensíni.

| | Vægi í | | Spá | |
|------------------------------|--------|----------|--------|--|
| | VNV | Breyting | Áhrif | |
| Bensín og díselolía | 3,4% | -2,90% | -0,10% | |
| Póstur og sími | 2,0% | -0,32% | -0,01% | |
| Menntun | 0,7% | 0,00% | 0,00% | |
| Hótel og veitingast. | 5,1% | 0,02% | 0,00% | |
| Áfengi og tóbak | 2,4% | 0,05% | 0,00% | |
| Ferðir og flutningar - annað | 3,9% | 0,03% | 0,00% | |
| Húsgögn og heimilisb. | 3,9% | 0,21% | 0,01% | |
| Tómst. og menning | 9,7% | 0,20% | 0,02% | |
| Reiknuð húsaleiga | 21,5% | 0,10% | 0,02% | |
| Heilsa | 3,9% | 0,61% | 0,02% | |
| Húsn. án reikn. húsaleigu | 13,3% | 0,48% | 0,06% | |
| Föt og skór | 3,6% | 1,98% | 0,07% | |
| Kaup ökutækja | 8,7% | 1,04% | 0,09% | |
| Matur og drykkjarv. | 11,3% | 0,85% | 0,10% | |
| Aðrar vörur og þjónusta | 5,7% | 1,70% | 0,10% | |
| Flugfargjöld til útlanda | 1,1% | 17,71% | 0,19% | |
| Alls | 100,0% | | 0,58% | |

Niðurbrot á spá Hagfræðideilda









Búumst við 3,3% verðbólgu í mars á næsta ári

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er:

- Jan. '19: -0,4% milli mánaða, 3,3% ársverðbólga.
- Feb. '19: +0,7% milli mánaða, 3,4% ársverðbólga.
- Mar. '19: +0,5% milli mánaða, 3,3% ársverðbólga.





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.